

Frumvarp til laga

**um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988,
með síðari breytingum (hjálpartæki).**

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórssdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Á eftir 6. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Hjálpartæki skv. 2. mgr. 26. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, eru undanþegin
skattskyldu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Grei nargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 150.–154. löggjafarþingi (149. mál) en náði ekki fram að ganga
og er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Með frumvarpinu er lagt til að hjálpartæki skv. 2. mgr. 26. gr. laga um sjúkratryggingar,
nr. 112/2008, verði undanþegin virðisaukaskatti. Hugtakið hjálpartæki er samkvæmt ákvæð-
inu skilgreint sem hjálpartæki sem ætluð eru til að draga úr fötlun, aðstoða fatlað fólk við að
takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönn-
un. Jafnframt verður hjálpartækið að teljast nauðsynlegt og hentugt til að auðvelda athafnir
daglegs lífs. Sjúkratryggingar Íslands greiða eða taka þátt í kaupum á hjálpartækjum eftir
ákveðnum reglum, sbr. reglugerð nr. 760/2021 um styrki vegna hjálpartækja, með síðari
breytingum, en notendur þurfa gjarnan að greiða sjálffir fyrir hluta kostnaðar.

Markmið frumvarpsins er að jafna aðstöðumun notenda sem þurfa á slíkum hjálpartækjum
að halda og léta efnahagslega byrði þeirra.

Áhrif frumvarpsins á tekjur ríkissjóðs yrðu ekki veruleg en ríkissjóður greiðir nú þegar
stóran hluta þess virðisaukaskatts sem innheimtur er af þessum vörum.